

**SAMEIGINLEGUR HLUTI AÐALNÁMSKRÁR fyrir  
leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla  
DRÖG**

1. Hlutverk aðalnámskrár
  - a. Sameiginlegur hluti aðalnámskrár
  - b. Hlutverk skóla
  - c. Fagmennska kennara
  
2. Almenn menntun
  - a. Grunnþættir menntunar
  - b. Lykilhæfni
  
3. Gæðaeftirlit
  - a. Mat á skólastarfi
  - b. Námsmat

## 1. Hlutverk aðalnámskrár

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008) og er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum. Í þessum sameiginlega hluta aðalnámskrár fyrir skólastigin þrjú er lýst umgjörð skólastarfs og þeim starfsramma sem skólastarfi er settur með lögum og reglugerðum um einstök skólastig en þar er einnig vísað til sérstakra ákvæða sem er að finna í öðrum lögum og varða nám í skólakerfinu eða birtast í alþjóðlegum sáttmálum og snerta menntamál.

Aðalnámskrá nýtist starfsfólki skólanna, stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skólanna. Halda má því fram að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

1. Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Hlutverk aðalnámskrár er þannig að tryggja börnum og unglingum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
2. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðsluyfirvalda til að tryggja vissa samræmingu og samhæfingu skóla við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er því ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs.
3. Aðalnámskrá afmarkar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
4. Hún veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi skólanna byggir á. Þannig er hún grundvöllur námsmats í skólum. Námskránni er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, upplýsingar um menntun barna og unglunga þegar þau ljúka námi á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til viðmiðunar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna og rannsóknir og annast úttektir á skólastarfi.

### **1a Sameiginlegur hluti aðalnámskrár**

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er m.a. fjallað um almenn stefnumið menntakerfisins og fjallað um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar, lykilhæfni og starfshætti í skólum og mat á skólastarfi.

Sameiginlegur hluti aðalnámskrár leggur áherslu á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst nánar hlutverki hvers skólasigs og séráherslum í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu rekstraraðila á hverjum stað, nemendahóp, faglegar áherslur og sérkenni í hverju tilviki.

### **1b Hlutverk skóla**

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á skýr en vel skilgreind skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla eða grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námsframvindu þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og unglunga. Skólastarfið miðar að alhliða menntun allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er oftast sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér, heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kveðið á um flokkun hæfnimarkmiða og þrepaskiptingu náms í samræmi við lokamarkmið þess. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grundvöllur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Skólar eru

menntastofnanir en nám og menntun á sér stað víðar en í skólum. Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og unglunga innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Þjóða skal hverjum einstaklingi nám við hæfi í hvetjandi og styðjandi umhverfi.

### **1c Fagmennska kennara**

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggir á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og unglunga. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og unglingum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem menn líta til efnahags og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskiptamála má finna deiglu og breytingar sem áhrif hafa á menningarlíf og þekkingarvinnslu, menntun og uppeldismál. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjaraðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim.

Kennarar vinna, í samráði við skólastjórnendur, að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstakar áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.

## 2. Almenn menntun

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er hverju sinni bundin við stund og stað og jafnvel einstaklingsbundin. Til forna mynduðu hinar sjö frjálsu listir umgjörð um almenna menntun yfirstéttarinnar. Miðaldakirkjan skilgreindi almenna menntun í Evrópu á miðöldum út frá sínum þörfum og með iðnbyltingunni komu fram ný fræðasvið sem lögðu grunn að almennri menntun í nútímasamfélaginu. Á 21. öld er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og út frá þörfum einstaklinganna.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsbundin og samfélagsleg. Almenna menntun öðlast fólk víðar en í skólakerfinu. Skólakerfið er þó mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og skilgreina lykilhæfni eða þau meginsvið þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau svið almennrar menntunar sem skólasterfið stefnir að.

### 2a Grunnþættir menntunar

Við þróun þeirrar menntastefnu sem birt er í þessari aðalnámskrá er byggt á fimm grunnþáttum menntunar sem eru hafðir að sérstöku leiðarljósi við námskrárgerðina. Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um fræðslu í skólakerfinu, svo sem í lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla og stuðst við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum, t.d. ritinu *Velferð til framtíðar* um áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun frá 2010–2013. Einnig er tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að. Þar má nefna stefnumörkun UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Við mótun stefnunnar er einnig höfð hliðsjón af fagmennsku kennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í landinu.

*Til hvers grunnþættir?*

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, umhverfi og náttúru þannig að börn og unglingar læri að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggja á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að tryggja þurfi að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings innan skólakerfisins. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að jafnrétti og lýðræði og að stuðla að því að samfélagið fái vel menntað fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem eru unnin í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun en lykilhæfnipáttunum er beint að einstaklingum sem menntunar njóta.

#### *Hvernig?*

Grunnþættirnir skulu fléttast inn í allt skólastarf. Þeir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þær aðferðir sem eru notaðar og þá hæfni – þekkingu og leikni – sem börn og unglingar skulu afla sér. Hugmyndirnar að baki þeim eiga að endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag sérhvers skóla.

Grunnþættirnir hafa áhrif á aðalnámskrá á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak skulu mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir sem börn og unglingar læra eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Fagleg vinnubrögð kennara og annarra sem starfa í skólum eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun kennarastarfsins.
- Skólastigin hvert fyrir sig þurfa að taka mið af grunnþáttunum á þann hátt að samfella sé milli þeirra.

Sameiginlegur hluti aðalnámskrár er saminn sem leiðarljós fyrir aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þannig að um heildstæða námskrágerð sé að ræða. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að mótast af heildarsýn þeirri sem grunnþættirnir mótast af. Nauðsynlegt er því að nálgast viðfangsefnið á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi.

#### *Tengsl og eðli grunnþáttanna*

Þótt grunnþættirnir séu settir fram sem fimm þættir er gert ráð fyrir að þeir tengist innbyrðis í menntun og skólastarfi og séu háðir hver öðrum. Þeir eru byggðir á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist

aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema með jafnrétti og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlætis ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélaga. Sjálfbærni er einnig óhugsandi án þess að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Þættirnir lýðræði, mannréttindi og jafnrétti felast þannig báðir í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir þættir.

Sköpun er líka þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listkennslu. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati. Með grunnþáttunum er lögð áhersla á heildarsýn á skólasterfið.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Grunnþættina má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstök markmið hvers skólastigs. Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

### *Læsi*

Læsi í víðum skilningi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Í læsi felst að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingins. Með texta er hér átt við ritmál, myndmál, talmál, tölur og önnur kerfi tákna. Læsi er þannig notað í víðum skilningi sem samlíking yfir þekkingu, leikni, viðhorf, gildismat og hæfni á ólíkum sviðum.

Læsi má lýsa sem hæfni til að eiga virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi lífs okkar. Í öllum tilvikum snýst „læsi“ um ratvísi og hæfni til að bjarga sér í samfélaginu og geta notað táknerfið til að breyta og bæta.

Á fyrstu skólastigum skal sérstök áhersla skal lögð á lestur, ritun og tjáningu á móðurmáli og öðrum helstu táknerfum. Í þessu sambandi er lögð sérstök áhersla á að kunnátta í lestri og ritun er ekki bara tæknileg kunnátta heldur ber að leggja áherslu á að námið nýtist til að þróa hæfni barnsins og unglingsins til að nota texta – í víðum skilningi – í samskiptum og við þróun eigin sjálfskilnings og sjálfsmyndar. Kennsluaðferðir þurfa að efla sköpun, gagnrýni og virkni nemenda við lestur, ritun og hvers kyns tjáningu. Jafnframt er undirstrikað að mikilvægt er að eiga kost á góðri

tungumálamenntun vegna alþjóðlegra samskipta, jafnt í leik sem starfi, skilnings á ólíkum menningarheimum og vegna ferðapjónustu sem atvinnugreinar innan lands. Fyrir þá Íslendinga sem ekki eiga íslensku sem móðurmál er mikilvægt að nema íslensku sem annað tungumál. Jafnframt er mikilvægt fyrir þá að rækta eigin móðurmál og menningu til að byggja brú á milli menningarheima.

Þörf fyrir læsi á mismunandi miðla fer vaxandi, hvort sem það varðar fræðsluefni, bókmenntir, listir eða hvers kyns upplýsingar. Eitt höfuðmarkmið miðlamenntar er að ungt fólk temji sér að greina efni miðla á gagnrýninn hátt. Um er að ræða annars vegar hæfni til að meta og greina miðlaefni og ýmiss konar gögn og upplýsingar og hins vegar geta til að búa til og miðla efni með margvíslegum aðferðum, jafnt í formi prents sem annarra tjáningarmiðla.

Framsetning og efnisval hefur áhrif á sjálfsmynd fólks og hugmyndir þess um veruleikann og mikilvægt er að nemendur velti fyrir sér hvers vegna fólk skilur og túlkar efni á mismunandi vegu. Börn og unglingar nota margs konar miðla, s.s. myndmiðla, hljóðmiðla, prentmiðla, samskiptamiðla eða netmiðla við nám sitt og læra einnig um notagildi þeirra og áhrif á menningu, jafnrétti og lýðræði. Miðlalæsi snýst um hefðbundið bóklæsi, svo sem fræðiritir og bókmennta. Það varðar líka fjölmiðlun, svo sem dagblöð, útvarp og sjónvarp, en einnig stafræna miðlun þar sem ný upplýsingatækni er í aðalhlutverki. Skilningur á myndmáli og hljóðheimi er ekki síður mikilvægur en skilningur á prentmáli. Miðlun, byggð á nýrri jafnt sem hefðbundnari upplýsingatækni, er nú samofin lífi og starfi fólks á öllum sviðum þjóðfélagsins og hefur gjörbreytt samskiptaháttum og þeim aðferðum sem beita má við öflun upplýsinga og sköpun og miðlun þekkingar.

### *Sjálfbærni*

Algengasti skilningurinn á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun er að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Þessi munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni sem hér er notuð er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt; ekki þarf að bíða eftir stóru breytingum til að geta fagnað þeim smærri.

Menntun til sjálfbærni, það er sjálfbærnimenntun, miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í henni felst skilningur á náttúrunni og vistfræðilegum takmörkunum jarðarinnar. Í þessu felst m.a. skilningur á vistspori, bæði sínu eigin og samfélagsins í heild, en í hugtakinu vistspor felst skilningur á áhrifum gjörða fólks á náttúrulegt umhverfi. Einnig er mikilvægur skilningur á líffræðilegri fjölbreytni.



Þannig þurfa börn og unglingar að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfolk. Árstíðir og veðurfar, plöntur, gróðursetning og ræktun og umhirða dýra eru hluti af náttúrunni sem börn eiga að fá tækifæri til upplifa af eigin raun og njóta.

Dæmi um viðfangsefni: Viðhald náttúruauðlinda, fæðuöryggi, mengun, neytendafræðsla í anda sjálfbærrar neyslu á öllum sviðum; meðferð hluta, efnis og orku; nýting þess sem hendi er næst. Viðfangsefnin sem hér eru nefnd sem dæmi tengjast mörgum hefðbundnum námsgreinum og námssviðum. Heimilisfræðinni tengjast mörg viðfangsefnanna, t.d. neytendafræðsla og fjármálalæsi sem mikilvægur liður í því að við getum metið þarfir okkar í nútíð og framtíð. Lýðheilsa er námsþáttur sem tengist sjálfbærni og felst í þekkingu á heilsufarslegum þáttum í samfélaginu og viðhorfum til heilsufars og lífstíls. Lýðheilsa tengir þannig saman einstaklingsmiðuð markmið um heilbrigði og samfélagsleg í því að börn og unglingar læra að fara betur með sig og stuðla þannig að betri lýðheilsu í samfélaginu. Með áherslu á lýðheilsu skal stuðlað að því að neysluvenjur séu skoðaðar af sjónarhóli sjálfbærni.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og lýðheilsu; og efnahagsþróun og framtíðarsýn. Sjálfbær þróun snýst um jafnræði allra jarðarbúa og jafnrétti kynslóða. Hér má hafa í huga kjörorðið *hugsum á heimsvísu og tókum til heima*.

#### *Lýðræði og mannréttindi*

Lýðræði byggir á að einstaklingar taki afstöðu til siðferðilegra álitamála og eigi möguleika á að taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við full mannréttindi og ráða auk þess öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun jafnframt því sem viðhorf, gildismat og siðferði fléttast saman við aðra grunnþætti. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og unglunga bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og unglingar læri *til* lýðræðis með því að læra *um* lýðræði *í* lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé *geta til aðgerða*. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og unglingarnir taki þátt í samfélaginu. Einnig skal gera ráð fyrir því að stuðlað sé að þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum.

Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum, hvort heldur í íþróttum, raunvísindum eða tungumálum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu nýttar til þess. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun gerir ráð fyrir gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barnanna og unglinganna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag, t.d. innan sveitarfélags eða bæjarhverfis, en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum hugsunarháttar sjálfbærni. Áhersla er lögð á að skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

#### *Jafnrétti*

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Markmið jafnréttismenntunar er einnig að allir séu virkir þátttakendur í því að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis – samofið markmiðum. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna greiningu á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og kerfum þess og stofnunum í því augnamiði að kenna börnum og unglingum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum þarf að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun sem byggir á samtíðinni fleiri þátta til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar hafa skapað, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði.

Undir jafnréttismenntun fellur nám um kyn og kynhneigð. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, mega vera hindranir í vegi annars hvors kynsins. Dæmi um viðfangsefni: Viðteknar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika; kvenfrelsi og saga jafnréttisbaráttunnar, kynjuð valdakerfi; menntun, námsval, vinnumarkaður, áhrifastöður og laun; konur og karlar á heimilum, lífsstíll og neysla, kynbundið ofbeldi, umfjöllun um kynin í fjölmiðlum; hið gagnkynhneigða forræði.

Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að það fari fram nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnum er þróun Íslands sem fjölmenningsarsamfélag. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun með áherslu á að áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í skipulagi skólastarfsins og öllu skólastarfinu.

Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi ungra og aldraðra til samanburðar við þá sem eru nær miðjum aldri. Nota má staðalmyndir, einkenni og sögulega þróun mismunandi aldurs skeiða, þ.e. barnæsku, unglingsára, fullorðinsára og elliára og ólíka merkingu þessara aldurs skeiða á mismunandi tímum og í ólíkum menningarheimum. Einnig má skoða ólíkt aðgengi að samfélagslegum gæðum eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Skoða má áhrif stéttar og búsetu á heilsu, náms- og atvinnumöguleika og aðgengi að valdastöðum í samfélaginu. Sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun miða að því að börn og unglingar skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast en jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og unglingar verði fær um að taka þátt í að móta hvert samfélagið stefnir og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun eru ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbindingar um þau efni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

### *Sköpun*

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti; tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og byggir upp frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og unglingar skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi.

Skapandi starf eða sköpun felst í að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðru vísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, sjá (hafa sýn), örva (forvitni, áhuga, ímyndunarafli), leika, virkja innri kraft, skilja, vita, geta. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna en mögulega og framkvæma það. Sköpun einkennist af, byggir á, tengist og fjallar um forvitni,

fjölbreytileika, ástríðu, óvissu, áræðni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér og hver viðfangsefnin eru skiptir líka máli. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi. Sköpun krefst þess að spurt sé spurninga, gerðar tilraunir og lært af þeim. Sköpun byggist á hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með stækka mengið. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listkennslu er sköpun sem grunnþáttur ekki bundinn við listir fremur en við aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur hefur þó hið tvíþætta markmið að efla listir annars vegar og leggja áherslu á sköpun og frumkvæði í starfi skólanna hins vegar.

Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er einnig lykilþáttur í sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar í lýðræði.

Miðlun, þjálfun og sköpun eru kjarni sköpunarferlisins. Í þjálfuninni felst framkvæmd og reynsla, verkfærni og samskipti. Í miðluninni felst læsi í víðum skilningi og notkun á fjölbreyttum táknerfum. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð við listsköpun og vísindi tilheyra þessum grunnþætti en jafnframt er mikilvægt að skilgreina viðfangsefni ekki of þröngt. Enn fremur skal lögð áhersla á frumkvæði og frumleika í öllu starfi og öllum námsgreinum.

Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni. Huga skal að sköpun og umhverfi utan dyra. Huga skal að nýsköpun og eflingu mannauðs sem samfélagið býr yfir bæði í atvinnulífi og einkalífi.

Leikir eru mikilvægir sem slíkir en þeir eru líka mikilvægt kennslutæki sem getur opnað víddir þar sem frumkvæði barna og unglunga getur notið sín. Hamingja og gleði liggja líka í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

#### *Útfærsla á hverju skólastigi*

Mikilvægt er að átta sig á því að skólastarfi og námi sem skilgreint er út frá grunnþáttunum er hægt að sinna innan námssviða, námsgreina og námsáfanga. Á hinn bóginn krefjast mörg viðfangsefni þess í auknum mæli að þau séu unnin á samfaglegan og heildrænan hátt. Í aðalnámskrá hvers skólastigs eru grunnþættirnir útfærðir nánar. Þar er gerð grein fyrir viðfangsefnum og aðferðum. Þar er svigrúm í

skólastarfinu og þar kemur fram hvert er hlutverk kennara á hverju skólastigi og þar einnig rætt um samstarf við heimilin. Þetta fer eftir því hvað á við í hverju tilfalli.

## 2b Lykilhæfni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags; hluta og hugmynda. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og **hæfni** hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Slík hæfni byggir á þekkingu og leikni, viðhorfum og siðferðisstyrk. Fyrst og síðast byggir hæfnin á skilningi einstaklingsins á sérstöðu sinni, **þekkingu** sinni og **leikni**.

Skólakerfið þarf því ekki einasta að auka almenna og sértæka þekkingu og leikni einstaklinganna, heldur fyrst og fremst að efla sjálfsskilning þeirra og sjálfstraust. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og vita hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni:

<p style="text-align: center;"><b>ÞEKKING</b></p> <p>er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða í gegnum önnur samskipti.</li> <li>• Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.</li> <li>• Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.</li> </ul>	<p style="text-align: center;"><b>HÆFNI</b></p> <p>felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hæfni til að afla gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund, umburðarlyndi og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli. Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, ígrunda og rökstyðja. Hæfni til að greina byggir á gagnrýninni hugsun og faglegri gagnrýni.</li> <li>• Miðlun hæfni felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunargleði, ábyrgð og virkni.</li> </ul>
<p style="text-align: center;"><b>LEIKNI</b></p> <p>er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.</li> <li>• Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.</li> <li>• Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.</li> </ul>	

Nemandinn þarf ekki einungis að búa yfir þekkingu leikni og hæfni, heldur þarf hann að geta aflað sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni, greint hana og miðlað. Nám þarf að taka til allra þessara þátta

Við skipulag skólstarfsins skal lögð áhersla á nám og menntun barna og unglunga og hæfni að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu.

Lykilhæfni byggir á markmiðum laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Lykilhæfni verður útfærð með ólíkum hætti á mismunandi skólastigum. Í námskrám skólastiganna verður fjallað nánar um samfellu og viðfangsefni, stígandi í námi, hæfnikröfur og þrepaskiptingu í samræmi við sérkenni og starfshætti á hverju skólastigi.

Með áherslu á lykilhæfni er sjónum beint að því að þekkingin ein er ekki nægjanleg til að nemandi geti sinnt störfum sínum af kostgæfni og orðið virkur lýðræðisþegn. Til að öðlast hæfni þurfa börn og unglingar að kunna að sækja sér nýja þekkingu, kunna að beita þekkingu sinni í gegnum aðferðir og vinnubrögð og þeir þurfa einnig að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur, ígrunda og rökstyðja.

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni þarf nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólstarfi, bæði innan kennslustunda og utan þeirra, þarf að styrkja börn og unglunga til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni, bæði almennt sem og á tilteknum sviðum.

Þetta kallar á námsumhverfi og verkefni sem krefjast þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis sem hann þjálfast í samskiptum sem byggja á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt sérhæfingu á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt.

**Lykilhæfni** í skólakerfinu snýr að eftirtöldum sviðum almennrar menntunar:

#### *Námshæfni*

Námshæfni er undirstöðupáttur í öllu skólstarfi og byggir á sjálfsskilningi nemandans og felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggir á eðlislægri forvitni barna og unglunga, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þekkingu sinni, leikni og hæfni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. Í námshæfni felst þekking og leikni í fjölbreyttum aðferðum til að takast á við margslungin verkefni.

### *Heilbrigði*

Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkri þátttöku í samfélaginu. Hún stuðlar að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Sérhver einstaklingur þarf að gera sér grein fyrir eigin ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu. Til að stuðla að góðri heilsu og almennri vellíðan þarf að leggja rækt við hollar lífsvenjur og heilbrigðan lífsstíl. Forvarnir gegn áhættusamlegri hegðun af margvíslegu tagi eru hér mikilvægur þáttur. Dæmi: fíkniefnaneysla, áhættusamur akstur, einelti, hreyfingarleysi.

### *Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar*

Eðlislægt frumkvæði einstaklingsins, sjálfstæði hans og skapandi hugsun eru lykilatriði í öllu námi. Mikilvægt er að virkja og viðhalda sköpunarkrafti einstaklinga, sjálfstæði og frumkvæði svo það nýtist þeim í lífi og starfi. Í skólastarfinu skulu börnum og unglingum sköpuð skilyrði til skapandi hugsunar og skapandi starfa. Hagnýting þekkingar felur í sér hæfni til að virkja hana og nota, heima fyrir, á vinnustað og úti í samfélaginu.

### *Jafnrétti*

Jafnrétti er einn af hornsteinum samfélags okkar. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis og víðsýni. Markmiðið er einnig að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnræðis, jafnréttis og réttlætis.

### *Lýðræði og mannréttindi*

Forsenda lýðræðislegs samfélags er félagsfærni einstaklingsins sem byggir m.a. á vitund um eigin ábyrgð, virkt lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti og virðingu. Í félagsfærni felst einnig virðing fyrir manngildi og mannréttindum og viðurkenning á hæfileikum og þroskamöguleikum allra.

### *Sjálfbær þróun*

Menntun til sjálfbærrar þróunar felst í því að þroska hvern einstakling sem virkan borgara í samábyrgu þjóðfélagi. Stuðla skal að þekkingu barna og unglunga á hugmyndum um sjálfbæra þróun og vitund þeirra um gildi sín, viðhorf og tilfinningar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa. Fjalla skal um náttúru og umhverfi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og fjölmenningu, velferð og lýðheilsu og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

### *Læsi, tjáning og samskipti á íslensku*

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur er öflugasta tæki barna og unglunga til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Móðurmál okkar, bókmenntaarfur og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

*Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum*

Þekking, leikni og hæfni í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða leggur grunn að skilningi, víðsýni og virðingu. Tungumálakunnátta er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

*Læsi, tjáning og samskipti með tölur og upplýsingar*

Gögn og upplýsingar eru mikilvæg undirstaða allrar þekkingarsköpunar. Gott talnalæsi er mikilvægt hverjum manni til að takast á við daglegt líf og störf. Læsi á stærðir og tölur felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa úr upplýsingum, tjá sig um þær og nýta sér til gagns. Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt.

**Nánar er gerð grein fyrir lykilhæfni í aðalnámskrá hvers skólastigs.**



### 3. Gæðaeftirlit

#### 3a Mat á skólastarfi

Mikilvægt er að skólastarfi sé metið reglulega og m.a. sé gengið úr skugga um að það uppfylli kröfur laga og reglugerða. Einnig er gerð sú krafa til skóla og skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar. Markviss upplýsingamiðlun um framkvæmd og niðurstöður mats á skólastarfi er forsenda valddreifingar og faglegs sjálfræðis skóla. Skólar og skólayfirvöld þurfa að hafa vissu fyrir því að starf þeirra skili þeim árangri sem að er stefnt.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Skýr markmið, gott skipulag, samstarf innan skóla og vilji til að læra af reynslunni eru m.a. þættir sem þurfa að vera til staðar í hverjum skóla. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólunum sjálfum því **innra mat** og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Skólar hafa mikið sjálfræði í vali á sjálfsmatsaðferðum en innra mat skóla verður að uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði eða viðmið sem ráðuneytið gefur út.

Til að mat á skólastarfi gegni hlutverki sínu þarf það að vera samofið öllu skólastarfinu og allir starfsmenn að koma að því. Skólar þurfa að móta skýra stefnu og setja sér mælanleg markmið, safna viðeigandi upplýsingum um skólastarfið á kerfisbundinn hátt og styðjast við viðurkenndar aðferðir við mat á fyrirliggjandi upplýsingum. Síðan þarf að nýta niðurstöður matsins í endurskoðun á fyrirliggjandi stefnu skólanna, markmiðum og framkvæmdaáætlun. Innra mat skóla er kerfisbundið í þeim skilningi að það er samofið öðrum þáttum í skólastarfinu s.s. stefnumörkun, setningu árangursviðmiða og umbótaáætlun skólans. Skólinn þarf að setja sér stefnu, útfæra stefnuna í skýrum markmiðum og varða leiðina með raunhæfum viðmiðum og aðgerðum. Ef niðurstöður innra mats leiða í ljós að skólinn er ekki að ná markmiðum sínum kallar það á umræðu innan skólans um endurskoðun skólastarfsins og/eða markmiða þess. Mikilvægt er að niðurstöður innra mats leiði til áætlunar um umbætur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gegnir mikilvægu hlutverki í eftirliti með gæðum skólastarfs með öflun og miðlun upplýsinga um skólahald og með **ytra mati**. Annars vegar safnar og miðlar ráðuneytið lykilupplýsingum um starfsemi skóla, bæði með reglubundinni upplýsingaöflun og könnunum, en einnig stendur ráðuneytið fyrir ytri úttektum á skólum eða einstökum þáttum skólastarfs. Reglubundið eftirlit, sem byggir á þessum lykilupplýsingum, er í höndum ráðuneytisins sjálfs eða aðila sem ráðuneytið fær til verksins en úttektir á skólum eru framkvæmdar af óháðum úttektaraðilum. Í þriggja ára úttektaráætlun sem ráðuneytið gefur út kemur fram hvaða þættir skólastarfs verða teknir út á tímabilinu og með hvaða hætti.

Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m. markmiða eins og að undirbúa nemendur undir þátttöku í Lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Það er því mikilvægt að skólar setji sér stefnu um samfaglega þætti skólastarfsins og ákveði jafnframt hvernig þessum þáttum verður sinnt í daglegu starfi skólans.

### 3b Námsmat

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig börnum og unglíngum tekst að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár og eigin námsmarkmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki – að gefa bæði skólunum og nemendum og aðstandendum þeirra leiðsögn um námsárangur og framfarir í námi – þarf námsmat að uppfylla þau tvö próffræðilegu skilyrði að vera *réttmætt* og *áreiðanlegt*. Námsmat gegnir mikilvægu hlutverki í mati á skólastarfi. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.